

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2498*  
*komudagur 21.5.2010*

Samgöngunefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. maí 2010  
2010050022/42-1-1  
TB  
jgo/tb

### **Frumvarp til umferðarlaga (heildarlög), 553. mál.**

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Samgöngunefnd Alþingis, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til umferðarlaga (heildarlög), 553.

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar því að í framangreindu frumvarpi til umferðarlaga skuli markmið laganna vera skýrara frá því sem áður var bæði m.t.t. ólíkra samgöngumáta en ekki síst að markmiðið nú skuli einnig vera að taka tillit til umhverfissjónarmiða. Að þessu sögðu er ekki að sjá að löggin hafi sérstaklega tekið á þáttum er varða jafnræði eða umhverfissjónarmið t.d. er hvergi fjallað um akstur utan vega í sambandi við lög um náttúruvernd en þeirra er aðeins getið í greinargerð. Þetta er afturför þar sem náttúruverndarlög eru þó nefnd í umferðarlögum nr. 50/1987 með síðari breytingum.

Akstur utan vega og skemmdir á náttúru landsins er viðvarandi vandamál og hefur aukist til muna eftir að ákveðnum gerðum af vélhjólum fjölgaði í landinu. Það er bráðnauðsynlegt hafa skýr ákvæði í umferðarlögum um að bannað sé að aka utan vega í samræmi við náttúruvendarlög. Hafa þarf beinar sektarheimildir (landverðir með landvarðaréttindi eiga jafnvel að hafa heimild til að sekta fyrir akstur utan vega sbr. t.d. stöðumælaverði), gera þarf upptöku ökutækja mögulega í þessu sambandi og að skýrt sé í lögnum að bannað sé að aka nema á þar til gerðum vegum. Það þarf því að skilgreina í 3. gr. mun betur og nákvæmlega hvað telst vegur og koma þannig í veg fyrir að t.d. vélhjólamenn séu að böðlast út um allar trissur á kindaslóðum og gönguleiðum eyðileggjandi náttúruna og öllum til ama með hávaða og mengun. Að skerpa löggin hvað þetta varðar væri m.a. að taka tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal ítrekað að þetta er bráðnauðsynlegt til að koma böndum á sífelld brot og eyðileggingu á náttúru landsins en lítið sem ekkert hefur áunnist undanfarin ár bæði vegna lagatæknilegra atriða og vegna þess að þessum málum hefur ekki verið sinnt sem skyldi af t.d. lögreglu. Umhverfissráðuneytið hefur reynt að taka á þessum málaflokki að undanförmu en það þarf aðstoð annarra ráðuneyta og eru umferðalög m.a. réttur vettvangur til að taka á þessu þar sem löggin fjalla um hvernig megi nota ökutæki.

Hvergi er í frumvarpinu að finna skilgreiningu eða lýsingu á því hvað felst í því að taka tillit til umhverfissjónarmiða. Eitt atriði gæti t.d. verið að auka vægi eða gera hjólreiðamönnum auðveldara að ferðast í umferðinni. Þessu virðist ekki sinnt í lögnum en þar virðist bilinn




vera réttþærri. Í 24. gr. *Bann við framúrakstri* segir t.d. að *Ákvæði greinarinnar á ekki við um akstur fram úr reiðhjóli*. Eftirfarandi athugasemd Náttúrufræðistofnunar er kannski utan hlutverks stofnunarinnar en þar sem átakið *Hjólað í vinnuna* stendur yfir, en markmið þess átaks tengist umhverfissjónamiðum, er ekki hægt að komast hjá því að benda á að þetta ákvæði er ekki til þess fallið að gæta jafnræðis né þá að það taki tillit til umhverfissjónarmiða. Samkvæmt þessu mega ökumenn t.d. aka framúr hjóli á gangbrautum en margar gangbrautir eru á hraðahindrunum og við þrengingar og ef ekki er hjólreiðastígur þurfa hjólreiðamenn að gæta ítrustu varkárni á slíkum stöðum og því ekki gott að þurfa einnig að taka tillit til bíls sem ekur framúr. Óþarfi er því að slá því föstu að heil grein eigi einfaldlega ekki við reiðhjól. Svo virðist einnig vera sem ekki hafi verið litið til löggjafar um reiðhjól í öðrum löndum t.d. í Danmörku og þá sérstaklega um forgang reiðhjóla í umferð við ýmsar aðstæður t.d. þar sem bílar beygja til hægri en fólk á reiðhjóli heldur beint áfram. Það verður að vera mjög skýrt í lögum að gangandi og hjólreiðamenn njóti forgangs fyrst og fremst einfaldlega vegna ólíkra stöðu hvað varðar líf og heilsu en einnig vegna umhverfissjónarmiða.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

